

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 21. desember 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Álagningareglur útsvars og fasteignagjalda 2012

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi álagningarreglur.

Álagningarhlutfall útsvars verði **14,48%**.

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) 1,58% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,75% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 7.000 kr. og hámark 26.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 30.500 kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði 9.600 kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði 3.390 kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 5.000 kr./ha.

Eftirfarandi reglur um **lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega** voru jafnframt samþykktar:

Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:

a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.319.048 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)

b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 3.789.965 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)

3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:

a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.898.810 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar)

b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 4.737.456 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar.)

2. Fjárhagsáætlun 2012

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2012 ásamt greinargerð um helstu forsendur veitunnar. Oddviti og sveitarstjóri kynntu helstu niðurstöður tillögunnar. Miklar umræður urðu um áætlunina og farið yfir bæði einstaka rekstrarþætti og heildarniðurstöður. Ákveðið að gera nokkrar breytingar og leggja breytta tillögu fyrir fund til seinni umræðu.

3. Félags- og skólaþjónusta A-Hún

1. Fundargerð stjórnar 15. 12.2011

Fundargerðin var til kynningar en sveitarstjórn tók undir þá bókun sem gerð er vegna minnkunar starfshlutfalls hjá félagsþjónustunni í ráðgjöf við fatlaða.

2. Fjárhagsáætlun 2012

Í áætlun Félags og skólaþjónustu A-Hún kemur fram að heildartekjur eru áætlaðar 170,5 milljónir og að þar af verði framlög sveitarfélaganna samtals 49,5 milljónir króna en var 38 milljónir árið 2011. Meginmunurinn liggur í því að á árinu 2011 var gert ráð fyrir að gengið yri á sjóð sem stóð inni í byggðasamlaginu og að hann myndi lækka um 12 milljónir. Verkefni Félags- og skólaþjónustu eru rekstur félagsþjónustu og málefna fatlaðra, rekstur fræðsluskrifstofu og málefni aldraðra. Hlutdeild Skagastrandar í rekstrarframlögum er áætlaður 13,4 milljónir króna og er á bilinu 26,5 – 28,7% eftir málaflokkum. Ekki voru gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlunina.

3. Bréf

- a) Íslandspósts, 1. desember 2011
Bréfið er svarbréf við erindi sem barst frá sveitarfélaginu þar sem mótmælt er fyrirhugaðri þjónustuskerðingu við pósthúsið og póstafréttisla á Skagaströnd. Ekki er fallist á sjónarmið sveitarfélagsins eða beiðni um að ákvörðun um minnkun starfshlutfalls verði afturkölluð.
Bréfið var til kynningar.
- b) UMFÍ, dags. 29. nóvember 2011
Með bréfinu er vakin athygli á tillögum 47. landsþings UMFÍ sem haldið var 15.-16. október 2011.
Bréfið var til kynningar.
- c) Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 2. desember 2011
Með bréfinu er kynnt ályktun sem sveitarstjórn Skagafjarðar gerði vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra.
Sveitarstjórn ræddi efni bréfsins og samþykkti svohljóðandi bókun.
„Sveitarstjórn Skagastrandar tekur undir tillögur starfhóps sjávarútvegsráðherra um að hluti tekna af veiðileyfagjaldi renni til sveitarfélaga.“
- d) Norðurár bs. dags. 2. desember 2011
Í bréfinu er gerð grein fyrir að framlög sveitarfélaganna sem greidd voru árið 2009 við undirbúning framkvæmda við sorpurðunarstaðinn Stekkjarvík hafi verið endurgreidd. Hlutdeild Skagastrandar í þeirri endurgreiðslu er 1.506 þús.
Bréfið var til kynningar

4. Önnur mál.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Rarik um hitaveitumál.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11³⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson